



Kópavogsbær

Vistun barna utan heimilis

Verklag og eftirlitshlutverk barnaverndarþjónustu

Velferðar- og mannréttindaráð 9. febrúar 2026

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir skrifstofustjóri
barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Úrræði Barnaverndar á vegum Barna- og fjölskyldustofu

- Barnaverndarstofa varð Barna- og fjölskyldustofa 1. janúar 2022.
 - Ríkisstofnun sem sinnir verkefnum sem tengjast þjónustu við börn og fjölskyldur og eru á málefnasviði mennta- og barnamálaráðherra.
- Helstu úrræði í barnavernd á vegum Barna- og fjölskyldustofu:
 - Stuðlar – neyðarvistun
 - Blönduhlíð - greiningar- og meðferðarvistun
 - Barnahús
 - MST – meðferð fyrir barn og foreldra heima
 - FMHAM
 - SÓK-meðferð við óæskilegri kynhegðun
 - **Meðferðarheimili - Bjargey fyrir stúlkur - ekki starfrækt heimili fyrir drengi núna**
 - Fóstur – fósturforeldrar
 - Sérfræðingateymi vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir.



Málsmeðferð – barn vistast utan heimilis

- Með eða án samþykki forsjáraðila
- Meðferðaráætlun
- Hlutverk barns
- Hlutverk forsjáraðila
- Hlutverk barnaverndarþjónustu



Úrræði Barnaverndar

Stuðningur með vistun barns utan heimilis

Vistun utan heimilis ber almennt ekki að nota nema þegar aðrar og mildari stuðningsaðgerðir hafa ekki skilað nægilegum árangri eða ef tryggja þarf öryggi barnsins.

- Vistheimili starfrækt á einkaheimili í Kópavogi til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum.
- Fóstur getur verið þrenns konar; tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur.
 - Með fóstri er átt við að barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjá mánuði.
- Vistun barns getur verið með eða án samþykkis foreldra.
- Það úrræði sem gengur lengst er forsjársvipting sem fer fyrir dómstóla.




Vistanir barna utan heimilis

- 84. gr – skilgreining
- Tímabundið fóstur
- Varanlegt fóstur
- Styrkt fóstur
- 3.gr. vistun
- 67.gr. vistun
- Vistun í einkareknum úrræðum



Vistheimili Barnaverndarþjónustu Kópavogs



*2021 sex börn vistuð ásamt foreldri



Börn í vistun utan heimilis

- Í byrjun árs 2026 voru 51 börn í fóstri á vegum barnaverndarþjónustu Kópavogs
 - 4 í tímabundnu fóstri
 - 38 í varanlegu fóstri
 - 1 í styrktu fóstri
 - 8 í fóstri skv. 3. gr. Barnaverndarlaga
- 11 börn eru í vistun skv. 84. gr. – flest hjá ættingja
- 1 barn vistað skv. 67.gr. hjá foreldri
- 1 barn vistað í búsetuúrræði Hrafnkötlu
- 2 börn í hvíldardvölum hjá Klettabæ, 6 sólarhringa á mánuði
- 5 börn dvelja nú á vistheimili barnaverndarþjónustu.

Alls eru 69 börn nú vistuð utan heimilis í ofangreindum úrræðum.

Ekkert barn er sem stendur í meðferðarúrræði á vegum BOFS



Hlutverk BOFS er kemur að vistun barna utan heimilis

- Fósturteymi BOFS
 - Kalla eftir afstöðu barnaverndarþjónustu í heimilisumdæmi umsækjenda.
 - Boða tilvonandi fósturforeldra í forviðtal og afla gagna.
 - Ef umsækjendur standast forkröfur sitja þeir námskeið á vegum BOFS.
 - Umsögn send til Gæða- og eftirlitsstofnunar sem veitir leyfið.
 - BOFS sinnir einnig fræðslu til fósturforeldra og heldur námskeið ætluð þeim.
 - BOFS sendir barnaverndarþjónustum ábendingar um fósturheimili sem gætu hentað viðkomandi barni.
 - Veita handleiðslu, stuðning og ráðgjöf við fósturforeldra og þjónusturnar.



STAÐLAR fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda

- Alls 17 staðlar sem hafðir eru til hliðsjónar við vistun barna.
- Þegar barn er komið í vistun utan heimilis eru sjö staðlar (staðall 8-14) sem taka til aðbúnaðar og umsjár barns frá því vistun eða fóstur hefst og þar til því lýkur. Gæðakröfur staðlanna taka til tímalengdar umsjár, tengsla barns og umgengni við aðstandendur, aðstæðna umsjáraðila, viðmóts hans og atlætis gagnvart barni, réttinda barns og eftirlits barnaverndaryfirvalda.
- <https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2qCliNT2QXnycPBmMqzg6j/e2a632004d81cbddff71927ff790754c/Stadlar-fyrir-vistun-eda-fostur-barna-a-vegum-bvn.pdf>



Eftirlitshlutverk barnaverndarþjónustu

- Starfsmaður barnaverndarþjónustu heimsækir börn á fósturheimili eins oft og ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar sinnum fyrsta árið sem ráðstöfunin varir og einu sinni eftir það. Þær heimsóknir mættu vera þéttari
- Starfsmaður barnaverndarþjónustu á að eiga með reglulegum hætti einslega viðræður við barn sem þjónustan hefur ráðstafað í vistun til að fylgjast með líðan og aðbúnaði og meta hvort ráðstöfunin virðist ná tilgangi sínum.
- Hlutverk barnaverndarþjónustu er að fylgjast með aðbúnaði og líðan barnsins í fóstri og gefa barninu kost á að tjá sig um aðbúnað og líðan í samræmi við aldur og þroska, m.a með skipun talsmanns.
- Reglugerð um fóstur nr. 804/2004 – eftirlit með fóstri sbr. 34. gr. reglugerðar.



Eftirlitshlutverk barnaverndarþjónustu frh.

- Málstjóri situr í stuðningsteymi barnsins - sbr. lög um samþættingu í þágu farsældar barna. Unnið er að því að samþætta mál barna sem eru í fósttri.
- Málstjóri grípur til viðeigandi ráðstafana vegna barns, svo sem að rifta samningi um fóstur, ef í ljós kemur að meðferð barnsins í fósttri er óviðunandi eða aðstæður hafa breyst þannig að ekki sé hægt að sýna fram á að aðbúnaður og öryggi barnsins sé tryggt.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

